

Skógræðingafélag Íslands [450404-2920]

Fundargerð 3. stjórnarfundar

15. janúar 2010 – Húsnæði Suðurlandsskóga, Selfossi.

Fundur settur kl: 8:40 – slitið – 10:40

Mættir: Björgvin Eggertsson [formaður], Harpa Dís Harðardóttir [gjaldkeri],
Bjarni D. Sigurðsson [ritar].

Bara tvö mál á dagskrá

1. Drög að lögum Gunnarssjóðs
2. Ganga frá dagskrá aðalfundar.

1. Gunnarssjóður

Drög Hörpu að reglum sjóðsins samþykktur af stjórn, eftir að búið var að taka tillit til breytingatillagna frá Ragnhildi og móður, Björgvins og Bjarna. Harpa hefur samband við Sigrúnu og Ragnhildi Freysteinsdóttur fyrir aðalfundinn og fær leyfi þeirra til að leggja drögin fram til samþykktar á aðalfundinum.

2. Aðalfundarstörf

Praktísk mál:

Skipulagsnefnd Fagráðstefnu skógræktar hefur fært fundinn aftar, af því að kvöldverðurinn á Hótel Stykkishólmi hefst ekki fyrr en kl. 20:00. Því er boðað til fundarins kl. 22:00 – ... Félagið mun veita bjór og snakk.

Harpa Dís: Mun kaupa tvo kassa af bjór + snakk

Bjarni Diðrik: Mun fá aðstöðu fyrir fundinn hjá hótelinu.

Dagskrá aðalfundar

Harpa Dís: Mun senda út tölvupóst með fundarboði og dagskrá til allra skráðra félaga og þeirra sem fengu tilboð að ganga í félagið 2010.

Fundarstjóri verður Björn B. Jónsson

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar fyrir 2009-2010 (Björgvin)
 - a. Ný heimasíða félagsins (Bjarni Diðrik)
 - b. Gunnarssjóður (Harpa Dís/Björgvin?)
 - c. Val heiðursfélaga (Björgvin)
2. Skýrsla námsmatsnefndar 2009 (Þorbergur Hjalti, formaður)
3. Skýrsla endurmenntunarnefndar 2009 (Björn B. Jónsson, formaður)
4. Gjaldkeri leggur fram reikninga fyrir 2009 (Harpa Dís)
 - a. Ákvörðun árgjalds
5. Lagabreytingar.
 - a. Engar lagabreytingar eru fyrirhugaðar að þessu sinni.
6. Stjórnarkjör
 - a. Ný stjórn (SV og V land)
 - b. Það þarf að kjósa um einn fulltrúa í Námsmatsnefnd (sæti Þorbergs Hjalta)
 - c. Endurmenntunarnefnd (þarf ekki að kjósa nema einhver segi sig úr nefndinni)
 - d. Skoðunarmenn reikninga
7. Ný stjórn kynnir starfsáætlun sína fyrir 2010-2012
8. Önnur mál
 - a. Boð um að taka þátt í Búfræðingatali (Björgvin)
 - b. Hvað skal gera við þá sem hafa ekki greitt árgjöld? (Harpa)
 - c. Tillaga að lögó fyrir félagið (Harpa)
 - d. Verklag við ályktanir (Bjarni Diðrik)
 - e. Ritstjóri heimasíðu félagsins? (Bjarni Diðrik)
 - f. ???

Fundi slitið 10:45